



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## HEILLAÓSKIR TIL NÝKJÖRINS FORSETA FRAKKLANDS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í morgun sent François Hollande, nýkjörnum forseta Frakklands, heillaóskir og kveðjur frá íslensku þjóðinni í tilefni af sögulegum sigri. Í kveðjunni áréttar forseti að samvinna Íslendinga og Frakka eigi sér djúpar sögulegar rætur; frönsk menning, listir og vísindi hafi haft ríkuleg áhrif á íslenskan samtíma.

Á vettvangi Evrópu og Atlantshafsbandalagsins hafi löndin lengi átt farsælt samstarf og fjölmörg brýn verkefni blasi við, svo sem á sviði loftslagsbreytinga og umbyltinga í þágu hreinnar orku.

7. maí 2012

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*